

Fyrirspurn

til fjármála- og efnahagsráðherra um skattfrádrátt
vegna styrkja til félaga á almannaheillaskrá.

Frá Hildi Sverrisdóttur.

1. Hver er heildarfjárhæð styrkja til félaga á almannaheillaskrá sem einstaklingar og lögaðilar hafa nýtt sem stofn til frádráttar frá skatti allt frá gildistöku laga nr. 32/2021, um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld? Svar óskast sundurliðað eftir árum og félagi.
2. Hver er heildarfjárhæð frádráttar frá skatti sem einstaklingar hafa fengið samþykktan á sama grundvelli? Svar óskast sundurliðað eftir árum, kyni og aldri.
3. Hver er heildarfjárhæð frádráttar frá skatti sem lögaðilar hafa fengið samþykktan á sama grundvelli? Svar óskast sundurliðað eftir árum.

Skriflegt svar óskast.